



## Á FÖRNUM VEGI

Flugleiðir:

# Silli með nafnið á bókanakerfið,

— en nú vantar nöfn á farskjótana



Hjónin Samúel Gústafsson og María Mariusdóttir að leggja upp í helgarferð til London, en það var einmitt vinningurinn sem Silli fékk fyrir að eiga bestu tillöguna um nafn á bókanakerfi Flugleiða í nafnasamkeppni sem haldin var ekki alls fyrir löngu.

Flugleiðamenn hafa nú farið af stað með samkeppni meðal starfsmanna sinna og almennings í landinu til þess að finna upp á nafni á farskjóta félagsins, en þeir hafa verið nafnlausir frá því Flugfélag Íslands og Loftleiðir lögðust í eina sæng saman og Flugleiðir voru stofnaðar. Sérstök dómnefnd mun velja úr tillögum um besta nafnið eða nafnaröð, en sá er á bestu tillögunu hlýtur að launum ferð fyrir tvo til Puerto Rico, gullpenna félagsins og sérstakt heiðurskjal.

Eitthvað virðast Flugleiðamenn hafa verið andlausir í nafngiftum frá því er félagið var stofnað, en þetta er önnur nafnasamkeppnin sem þeir efna til á árinu. Ekki alls fyrir löngu efndi félagið til samkeppni, meðal starfsmanna sinna, þar sem þeir voru beðnir um tillögur um nafn á tölvubókanakerfi, sem nú er verið að taka að fullu í notkun.

Um 100 tillögur bárust frá starfsmönnum hér heima og heiman og mátti líta ýmis nöfn eins og t.d. Simon, Smart, Icepacks, Gabriel 11 og fleira.

Sérstök dómnefnd komst að þeirri niðurstöðu að Samúel Gústafsson (Silli), afgreiðslumaður á Ísafjarðarflugvelli hafi átt bestu tillöguna, sem var nafnið Alex. Það sem dómnefndin lagði m.a. til grundvallar í vali sínu var, að nafnið minnir á einn af frumkvöðlum flugsins, Alexander Jóhannesson, en hann var fyrsti framkvæmdastjóri Flugfélags Íslands. Þá hljómar Alex ekki ólíkt og nöfnin á afsláttarfargjöldum félagsins, Apex og Tex. Tölvukerfið Alex er nú víða komið í notkun hér innanlands og stefnt er að því að það leysi gamla kerfið, Gabriel, alveg af hólmi á næstunni.



Karólína við eitt verka sinna á ráðstefnunni.

## Verkalýðsleiðtogar skoða verk Karólínu Lárusdóttur

— Verður með sýningu á Kjarvalsstöðum í október

Í bænum Bishop's Stortford í Bretlandi var haldin ráðstefna ekki alls fyrir löngu, þar sem nokkrir meðlimir Verkamannaflokksins og verkalýðsleiðtogar komu saman til skrafs og ráðagerða. Þetta þykir kannski ekki í frásögur færandi, en það sem meira var um vert, var, að verkalýðsleiðtoga Clive Jenkins fékk íslensku myndlistarkonuna Karólínu Lárusdóttur til þess að skreyta ráðstefnusalinu með vatnslitamyndum sínum, en hann á nokkur olíumálverk eftir hana. Þá kom Karólína nú fyrir skömmu fram í einum vinsælasta umræðuþætti BBC-sjón-

varpsstöðvarinnar, „Friday Night, Saturday Morning“, og ræddi þar m.a. um verk sín.

Í október ætla Karólína að halda sína fyrstu einkasýningu hér á landi á Kjarvalsstöðum og má búast við að þar verði um 80 verk, aðallega vatnslita- og olíumálverk.

Eftir að Karólína lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík, fór hún til náms í Ruskin-listaakademiunni í Oxford. Karólína hefur verið búsett í Stortford undanfarin ár.



Myndin er tekin af hjónunum Árna Samúelssyni og Guðnýju Áberg Björnsdóttur í stóra salnum í Bíóhöllinni.

# Travolta kemur ekki en aðrar stjörnur seinna

— „Reksturinn hefur gengið vel,“ sagði Árni Samúelsson eigandi Bíóhallarinnar

„Þetta hefur gengið vel, enda hefur aðsóknin verið góð og í samræmi við þær vonir sem við gerðum okkur þegar við fórum af stað með bíóið,“ sagði Árni Samúelsson, eigandi Bíóhallarinnar í Breiðholti, en nú eru liðnir rúmlega sex mánuðir frá því bíóið var formlega tekið í notkun, 2. mars sl. Að sögn Árna verða nú á næstunni teknir í notkun tveir nýir sýningarsalir, sem taka 18 manns í sæti hvor, og verða því sýningarsalirnir alls sex og taka 1.040 manns í sæti alls. Þá verður og í samræmi við fyrri ráðagerðir sett upp myndbandaleiga í anddyri Bíóhallarinnar fljótlega.

Mörgum er eflaust enn í fersku minni, að til stóð að leikarinn heimskunni, John Travolta, myndi koma til landsins og verða viðstaddir frumsýningu myndarinnar „Hvellurinn“ (Blow Out) og í því sambandi átti Árni m.a. viðræður við „stórstirnið“ sjálf.

Ekkert hefur bólað á Travolta og sýningar á „Hvellinum“ eru þegar hafnar. Þótti því ekki úr vegi að inna Árna eftir því hverju líði.

„Jú, það stóð til að hann kæmi. Ég fékk frá honum skeyti þar sem hann kvaðst önnum kafinn við sviðs- og kvikmyndaleik og sái sér því ekki fært að koma á þeim tíma sem ég ráðgerði að frumsýna myndina, en hann kvaðst geta komið í haust. Ég átti ekki kost á að biða með sýningu myndarinnar til haustsins, svo ég frestaði þessu að sinni. Það er þó öruggt, að hingað koma frægir kvikmyndaleikarar á vegum bíósins til þess að verða við frumsýningu mynda, en hverjir það verða get ég ekkert sagt um að svo stöðdu.“

Þá var Árni beðinn að segja álit sitt á myndbandaþróuninni hér á landi og þá í því sambandi inntur eftir því hvort hún hefði ekki haft áhrif á rekstur Bíóhallarinnar.

„Myndbandaþróunin hefur jú

komið niður á öllum kvikmyndahúsum. Leiðinlegast við þessa þróun er sú staðreynd, að flest þeirra fyrirtækja sem með myndböndin sýsla, reka starfsemi sína kolólöglega. Ég held að um 80 prósent af því efni sem myndbandaleigurnar eru með, sé ólöglegt. Við erum trekk í trekk að stöðva sýningu mynda í kapalkerfum, sem bíóið hefur rétt á, en á eftir að sýna. Það virðist sem aðstandendur þessara kapalkerfa fari á myndbandaleigur, leigi þar myndir og sýni þær síðan ólöglega opinberlega, þrátt fyrir yfirlýsingar þess efnis að starfsemi þeirra sé rekin löglega.

Það er raunar furdulegt að þetta skuli látið viðgangast hér á landi og ætti fyrir löngu að vera húið að grípa í taumana. Víða erlendis er farið að taka mjög strangt á lögbrotum á þessu sviði og í Svíþjóð til dæmis geta þau varðað fangelsisvist og háum sektum.“

## Guðmundur á vinnustaðafundi Alþýðubandalagsins



Nokkuð hefur verið rætt um það manna á meðal og í fjölmiðlum, hvað lítið hefur heyrst til Guðmundar J. Guðmundssonar eftir margumtalaðar efnahagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar í síðasta mánuði og hafa sumir getum að því leitt, að hann hafi verið mönnum týndur. Annað hefur komið á daginn enda ku Guðmundur hafa staðið fyrir vinnustaðafundum að undanförunni og viljað ræða efnahagsúræði kollega sinna. Ja, allténd rakst ljósmyndari Morgunblaðsins á hann á einum slíkum nú fyrir skömmu.